

FRÉTTABREF ÞINGEYJARSKÓLA

2. MAÍ 2025

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Þá er maímánuður genginn í garð og kominn tími á nýtt fréttabréf sem við látum vera það síðasta á þessu skólaári. Páskahretið lét að sjálfsögðu sjá sig en nú vonum við að vorið sé komið til að vera svo við getum nýtt maí sem mest til útináms og leikja með nemendum. Fréttabréfið inniheldur að þessu sinni upplýsingar um skólaþjónustu Þingeyjarsveitar og endurskoðuð greinarsvið Aðalnámskrár grunnskóla en auk þess eru fréttir úr skólasterfinu á sínum stað og upplýsingar um það sem framundan er.



SKÓLAÞJÓNUSTA ÞINGEYJARSVEITAR



Um síðustu áramót varð breyting á fyrirkomulagi skólaþjónustu í Þingeyjarsveit.

Fram að því var sveitarfélagið með samning við Norðurþing en ákvörðun var tekin um að færa þá þjónustu heim og stofna skólaþjónustu Þingeyjarsveitar. Starfmenn skólaþjónustunnar eru Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir og Hjördís Ólafsdóttir. Helga sinnir hlutverki verkefnastjóra skólaþjónustu í 80% starfshlutfalli og er einnig í 20% starfi við Þingeyjarskóla þar sem hún sinnir sérkennslu og er tengiliður farsældar. Hjördís er í 100% starfi sem skólasálfræðingur hjá skólaþjónustunni. Meginviðfangsefni skólaþjónustu er að styrkja skóla og starfsemi þeirra með skimunum, greiningum, ráðgjöf og eftirfylgni.

Helstu verkefni skólaþjónustunnar eru:

- Að sinna forvarnarstarfi til að stuðla markvisst að velferð nemenda.
- Að beita snemmtæku mati á stöðu nemenda og veita ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs- og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar. Það felst m.a. í greiningu á lesblindu og forgreiningum á sálfræðilegum frávikum og ráðgjöf í kjölfar greininga-niðurstaðna auk meðferðar á einföldum sálfræðilegum vanda og ráðgjafar varðandi meðferðarleiðir utan skólans.
- Að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra, það á m.a. við stuðning við starfsfólk vegna vanda sem tengist einstökum nemendum og/eða bekkjardeildum.
- Að veita foreldrum stuðning með ráðgjöf og fræðslu.
- Að útvega viðeigandi tülkaþjónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum.
- Að stuðla að góðum tengslum á milli leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfelli og heildarsýn í skólasterfi að leiðarljósi.

Starfsemi Skólaþjónustu Þingeyjarsveitar fer vel af stað og Helga Sigurbjörg og Hjördís hlakka til að þróa starfið áfram í nánú samstarfi við nemendur og starfsfólk skólanna í sveitarfélaganna auk foreldrasamfélagsins.

VORGLEÐI

Í lok mars var Vorgleði Þingeyjarskóla haldin hátíðleg. Nemendur miðstigs settu upp leikritið Langelstur að eilífu eftir bókum Bergrúnar Írisar Sævarsdóttur, í leikgerð Bjarkar Jakobsdóttur. Nemendur í 1. og 2. bekk stigu einnig á stökk með sitt atriði sem var um köngulær. Við erum afar stolt af nemendum okkar og starfsfólki sem lagðist á eitt við að gera vorgleðina eins glæsilega og kostur er, líkt og undanfarin ár.



Verkefni sem þetta felur í sér dýrmætan lærdóm og fellur m.a. vel að lykilhæfni eins og hún er skilgreind í Aðalnámskrá grunnskóla. Nemendur sýna mikla þrautseigju og dugnað, þjálfast í framsögn og framkomu og þá kallar verkefni sem þetta á mikla samvinnu og skapandi hugsun.

Kærar þakkir öll fyrir komuna á Vorgleðina okkar.



DRAUMADAGUR MIÐSTIGS

Í febrúar tóku nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla þátt í Lífshlaupinu. Auk þess að keppa við aðra skóla og vinnustaði á landinu var innbyrðis keppni í skólanum á milli nemenda og starfsfólks. Nemendur rúlluðu þeirri keppni upp og var miðstigið með hlutfallslega flestar mínútur í hreyfinu. Nemendur miðstigs fengu því að velja verðlaun sem endaði í heilum skóladegi sem krakkarnir nefndu, **Draumadag miðstigs**.

Draumadagur miðstigs innihélt ristað brauð í morgunmat, sameiginlegar íþróttir og sund á Laugum, pizzu í hádegismat og bíó og ís eftir hádegismat. Eins og gefur að skilja var almenn ánægja meðal nemenda með þennan óvenjulega skóladeig.

AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 2024



Í október síðastliðnum tóku endurskoðuð greinasvið Aðalnámskrár grunnskóla gildi. Markmið endurskoðunarinnar var fyrst og fremst að einfalda og skýra hæfniviðmið námskrárinnar og samræma inntak greinakaflanna. Þetta skólaár fer í að innleiða og kynna sér nýja námskrá en á næsta skólaári á námskráin að koma til framkvæmdar. Með tilkomu nýrrar námskrár þarf m.a. að endurskoða og uppfæra val á námsefni, verkefnum og námsmati. Kennarar Þingeyjarskóla hafa á síðustu vikum setið yfir endurskoðaðri námskrá og stefnum við á að vera komin með góða yfirsýn og heildarmynd í vor um það hvernig við getum aðlagð hæfniviðmið, námsmarkmið og námsmat að skólastarfi okkar í Þingeyjarskóla.

VELHEPPNAÐUR ÚTIVISTARDAGUR Í HLÍÐARFJALLI

Í byrjun apríl komust nemendur og starfsfólk grunnskóladeildar Þingeyjarskóla loksins í langþráða skíðaferð. Einmuna veðurbliða var þess valdandi að snjóalög í Hlíðarfjalli hafa ekki verið með besta móti þennan veturinn og því var ánægjulegt að ná engu að síður að komast á skíði. Skíðaferðin heppnaðist vel í alla staði og veðrið lék heldur betur við okkur. Nemendur sýndu mikla takta í brekkunum og margir tóku miklum framförum.



VIÐBURÐIR FRAMUNDAN

- 15. maí - Samfélagsmiðlalöggan í heimsókn og hittir nemendur á mið- og unglingastigi.
- 19. - 22. maí - Nemendur 9. og 10. bekkjar í skólaferðalagi.
- 21. maí - Útskriftarferð elstu barna leikskólans.
- 21. maí - Miðstig fer í leikshús á Húsavík að sjá sýninuna Orri óstöðvandi.
- 26.-27. maí - Vorþemadagar.
- 28. maí - Þingeyjarleikar í Þingeyjarskóla. Samstarf grunnskólanna í Þingeyjarsveit.
- 29. maí - Uppstigningardagur, frídagur.
- 30. maí - Síðasti skóladeig grunnskólans og skólaslit og útskrift kl. 17:00.

Ábyrgð, virðing, gleði.

Með góðum kveðjum,
Lilja og Nanna